



## Hvernig skoða ég og breyti skráningu á heilsugæslustöð?

Til þess að breyta skráningu á heilsugæslustöð er farið í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands á vefsíðunni [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is).



Réttindagátt heldur utan um og birtir upplýsingar og réttindi þín hjá Sjúkratryggingum.

Þegar Réttindagátt er opnuð birtast „Mínar síður“ sem er yfirlitsmynd yfir þá heilbrigðisþjónustu sem þú hefur verið að nota.



Undir Heilsugæsla er farið í „sjá meira“ og þá opnast valmynd þar sem hægt er að sjá á hvaða heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislækni viðkomandi er skráður.

Í þessari mynd er hægt að skoða og breyta skráningu á heilsugæslustöð. Ef aðgengi að skráðri stöð hentar ekki er frjálst að færa sig annað eða til sjálfstætt starfandi heimilislæknis.

Þjónusta Sí

- Réttindastaðan mín
- Þjálfun
- Viðskiptastaðan mín
- Heilsugæsla
- Skráning á heilsugæslustöð
- Skjöl
- Umsóknir
- Ferðatryggingar
- Tannlækningar
- Stjórnandi
- ▶ Vinna fyrir

### Skráning á heilsugæslustöð Prenta

**Skráning á heilsugæslustöð**  
Allir sjúkratryggðir á Íslandi eiga að vera skráðir á heilsugæslustöð. Á þessari síðu getur þú skoðað og breytt skráningu þinni. Hér fyrir neðan sérðu þá heilsugæslustöð sem er næst þínu lögheimili.

Ef skráð heilsugæslustöð hentar ekki er öllum frjálst að sækja sér þjónustu á aðra heilsugæslustöð. Gjaldtaka fyrir þjónustu heilsugæslu, sem og lög og reglugerðir sem þær starfa eftir, má finna á vef [Veitferðarráðuneytisins](#) og [Sjúkratrygginga Íslands](#).

Við skráningu á heilsugæslustöð hér á síðunni opnast gluggi þar sem hægt er að velja úr lista yfir heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heimilislækna, sjá leiðbeiningar. Skráningin tengir þig aðeins við eina heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislækni. Vinsamlega hafðu samband við móttöku heilsugæslustöðvar til að skrá þig hjá lækni.

Aðeins er hægt að skrá sig á eina heilsugæslustöð. Um leið og skráningu er breytt fellur fyrri skráning úr gildi. Ný skráning verður virk næsta virka dag.

Heilsugæslustöðin í þínu hverfi er: **Heilsugæslan Fjörður**.

**Athugið!**  
Með því að óska eftir breytingu á heilsugæslustöð er einnig verið að samþykka að sjúkraskrárupplýsingar sem þig varðar séu færðar yfir á nýja heilsugæslustöð / sjálfstætt starfandi heimilislækni.

**Þin staða**

Dags.	Heilsugæsla/Læknir	Ástæða	Nafn læknis	Aðgerðir
21.12.2015	Heilsugæslan Fjörður	Beiðni um breytingu frá stöð		

**Skráningasaga**

Dags.frá	Dags.til	Heilsugæsla/Læknir	Ástæða	Nafn læknis	Afskráning
21.12.2015		Heilsugæslan Fjörður	Beiðni um breytingu frá stöð		

Með því að smella á undir „Aðgerðir“ opnast gluggi með yfirliti yfir heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Valin er sú heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislæknir sem hentar (smellt á + hnappinn) og valið staðfesta. Breytingin tekur gildi næsta virka dag. Aðeins er hægt að vera skráð/ur á einn stað hverju sinni. Um leið og skráningu er breytt fellur fyrri skráning úr gildi.

Heilsugæslur x

	Heilsugæsla/Læknir	Póstfang	Heimilisfang	Vefsíða
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi Austurlands - Heilsugæslur			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins - Heilsugæslur			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins - Sjálfstætt starfandi heimilislæknar			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi Norðurlands - Heilsugæslur			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi Suðurlands - Heilsugæslur			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja - Heilsugæslur			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða - Heilsugæslur			
<input type="checkbox"/>	Heilbrigðisumdæmi Vesturlands - Heilsugæslur			

Staðfesta
Loka

Með því að óska eftir breytingu á heilsugæslu er einnig verið að samþykka að sjúkraskrárupplýsingar sem þig varðar séu færðar yfir á nýja heilsugæslustöð / sjálfstætt starfandi heimilislæknis.

Í valmynd kemur fram á hvaða stöð börn á þínu forræði eru skráð. Fyrstu 6 vikur eftir fæðingu eru börn skráð á þá stöð sem næst er lögheimili þar sem þau fara í ungbarnaeftirlit. Eftir þann tíma geta forráðamenn breytt skráningu. Börn geta verið skráð á aðra heilsugæslustöð en forráðamenn ef það hentar betur vegna ungbarnaverndar.

Með kveðju,

Starfsfólk Sjúkratrygginga Ísland